



Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Breiðholtsskóla Endurskoðuð í nóvember 2018. Gildir frá 2018 – 2021.

Breiðholtsskóli skuldbindur sig til að vinna eftir Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og er það í samræmi við ákvæði laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í Breiðholtsskóla er lögð áhersla á menntun til farsældar í fjölbreytileika þar sem markmiðið er „Árangur fyrir alla“. Hér er áherslan á að bæði nemendur og starfsfólk fái notið sín sem best og því nær jafnréttis- og mannréttindaáætlun Breiðholtsskóla til bæði nemenda og kennara sem starfa saman í fjölbreytilegu skólasamfélagi. Fjölbreytileikinn er einmitt eitt af því sem auðgar starfsemi Breiðholtsskóla bæði hvað varðar kennslu, nám og samskipti, þar sem mörg tungumál og ólíkir menningarheimar mætast í sátt, samlyndi og margvíslegri samvinnu.

Einkunnarorð Breiðholtsskóla eru **Ábyrgð – Traust – Tillitssemi**. Þessi einkunnarorð gilda jafnt fyrir nemendur og starfsfólk, allir fái notið sín án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Auðlegð skólans felst í mannauðnum; kennurum, öðru starfsfólki skólans, nemendum sem og samstarfi við foreldra nemenda. Áhersla er lögð á að skólasamfélagið vinni samhent og af jákvæðni að því að gera Breiðholtsskóla að framúrskarandi grunnskóla. Þar fá nemendur metnaðarfulla kennslu vel menntaðra kennara og fá notið hæfileika sinna, efla sjálftraust sitt, félagslega færni, góða samskiptahæfni, vellíðan og námsgleði. Nemendur fá að taka þátt í mótun stefnu skólans með lýðræðislegum hætti og sitja Nemendaping Breiðholtsskóla á þriggja ára fresti. Þar fjalla þeir um ýmis mál sem tengjast skólareglum, skólabrag, náms og kennslutilhögun, valgreinum og fleiru og eiga þannig hlutdeild í ákvarðanatöku í skipulagningu kennslu og náms.

Nemendur eiga að fá að upplifa jákvæð ævintýri á hverjum degi og þeir eiga rétt á því að fá tækifæri til að leyfa draumum sínum að rætast. Forsenda þess er gróskumikið starf metnaðarfullra, faglegra og samheldinna starfsmanna skólans í öflugri teymisvinnu. Því er vel búið að kennurum og öðru starfsfólki á jafnréttisgrundvelli hvað varðar vinnuaðstöðu, dreifingu ábyrgðar og aðkomu að og hlutdeild í skipulagningu skólastarfsins og öðrum þeim atriðum sem auka á jafnrétti innan stofnunar og virðingu mannréttinda.

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Breiðholtsskóla er ætlað að vera mikilvægur grunnur að lifandi vinnuferli til að bæta og efla gæði kennslu og aðstöðu til náms, til að nemendur og kennarar fái notið sín og fái tækifæri til að blómstra. Þannig nýtist skólanum og skólasamfélaginu auðlegð og mannauður Breiðholtsskóla sem allra best. Hér er lögð áhersla á að efla sjálftraust, virkni og vellíðan og þannig unnið að líkamlegri og andlegri vellíðan, kennslu- og námsgleði, allra þeirra sem koma að lífi og starfi í Breiðholtsskóla. Þjálfun í félagslegri færni, afburða samskiptafærni og gagnrýnni hugsun fær mikið rými í öllum árgöngum. Ánægðir nemendur eiga auðveldara með að nýta sér metnaðarfulla kennsluhætti sem eru aðlagðir að fjölbreyttum þörfum nemendahópsins og áhersla er lögð á að allir fái þann stuðning sem þeir þurfa til að ná góðum tókum á námsefninu. Þetta er einnig ein forsenda þess að hægt að tala um að jafnrétti ríki til náms og að mannréttindi nemenda séu að fullu virt. Lögð er áhersla á að virkja áhugasvið nemenda til að þeir rækti hæfileika sína sem best og fái tækifæri til að blómstra. Starfsfólk fær einnig jöfn tækifæri til að virkja áhugasvið sín og möguleika til að efla sig í starfi. Allir eiga kost á því að rækta hæfileika sína sem best.

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Breiðholtsskóla byggir á lögum um grunnskóla nr. 91/2008; Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, breytingum í lögum nr. 56/2017; Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar frá 2016; Aðalnámskrá gunnskóla (2011); Stefnu og starfsáætlun Reykjavíkurborgar í menntamálum (2013), Menntastefnu Reykjavíkurborgar 2019 – 2030 og skólanámskrá Breiðholtsskóla (2018 – 2019). Skólastjóri ber ábyrgð á að jafnréttis- og mannréttindaáætlun Breiðholtsskóla sé fylgt.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er tekið fram að við skipulag náms og kennslu sé þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms og hafi kost á að velja sér viðfangsefni og nálgun í eigin námi. Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa 25 starfsmenn eða fleiri að setja sér jafnréttisáætlun eða sambætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína sbr. 18. grein. Þar segir m.a. að tilgreina þurfi hvernig starfsmönnum eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 19.-22. grein.

Í byrjun árs 2018 tóku gildi lög nr. 56/2017. Þar segir að fyrirtæki eða stofnun, þar sem 25 eða fleiri starfsmen starfi að jafnaði á ársgrundvelli, skuli öðlast vottun, sbr. 10. tölul. 2.gr., að undangenginni úttekt vottunaraðila á jafnlaunakerfi fyrirtækisins eða stofnunarinnar sem staðfestir að jafnlaunakerfið og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðalsins sem ÍST 85, sbr.1.gr.c staðalsins.

20. gr. *Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun.*

- Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum.
- Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

21. gr. *Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.*

- Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

Einnig ber skólum sem menntastofnunum að uppfylla 22. og 23. greinar laganna gagnvart nemendum sínum en þar segir m.a.:

22. gr. *Kynbundið ofbeldi, kynbundin eða kynferðisleg áreitni.*

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir

kynbundnu ofbeldi eða kynbundinni eða kynferðislega áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

23. gr. Menntun og skólastarf.

- Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþrótta- og tómstundastarfi.
- Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu og atvinnulífi.
- Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.
- Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Mannréttindastefna borgarinnar var fyrst samþykkt í borgarstjórn 16. maí 2006. Núverandi stefna var samþykkt í borgarstjórn 18. október 2016 en var m.a. byggð á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Áherslan á jafnan rétt kvenna og karla skal vera sýnileg í allri starfsemi borgarinnar og staða kynjanna á að skoðast sérstaklega í öllum þeim hópum sem stefnan nær til.

Mannréttindastefnan er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.

Í almennum hluta **Aðalnámskrá grunnskóla** 2011 er fjallað um markmið jafnréttismenntunar. Þar segir:

- Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, viðsýnis og jafnréttis (bls. 21).

Einn af grunnþáttum menntunar er helgaður jafnrétti og annar lýðræði og mannréttindum. Grunnþættirnir eiga að undirstrika meginatriði í almennri menntun og ná til allra þátta skólastarfsins.

Skólastarf Breiðholtsskóla er í anda jafnréttis og tekur því mið af mismunandi hæfileikum fólks. Því er haft að leiðarljósi að tækifæri nemenda og starfsmanna byggi á hæfileikum og færni hvers og eins. Aðilar skólasamfélagsins bera sameiginlega ábyrgð á því að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis og hafa þeir jafnan rétt til að hafa áhrif á skólastarfið, stefnumótun og ákvarðanatöku. Kynjasambættingar skal gætt við stefnumótunar- og áætlanagerð skólans.

Menntastefna Reykjavíkurborgar 2019 – 2030 leggur ríka áherslu á að virðingu fyrir jafnrétti og mannréttindum nemenda. Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs.

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Breiðholtsskóla er hluti skólanámskrár og eru áhrif hennar og staða jafnréttismála metin reglulega, í viðhorfskönnunum meðal nemenda, forráðamanna og starfsmanna og í starfsmannasamtölum. Niðurstöður eru metnar og umbætur gerðar ef þörf

krefur. Áætlunin er kynnt fyrir öllum þeim sem að skólastarfinu koma. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu skólans www.breidholtsskoli.is

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Breiðholtsskóla tekur til allra þátta skólastarfsins. Skólinn er ekki aðeins mennta- og uppeldisstofnun, hann er líka vinnustaður fullorðins fólks og á honum hvíla skyldur og ábyrgð gagnvart starfsfólki. Því skiptist áætlunin í tvo hluta, þ.e. fyrir nemendur og starfsmenn. Það má líta á áætlunina sem viljayfirlýsingu. Skólastjóri ber endanlega ábyrgð á henni en hann getur falið kennurum / starfsmönnum að endurskoða hana og fylgja henni eftir. Árlega þarf að fara í gegnum áætlunina, uppfæra tölulegar upplýsingar og skipuleggja skólastarfið í samræmi við þau markmið sem sett hafa verið fram. Áætlunin er endurskoðuð í heild sinni á þriggja ára tímabili en árlega er unnin aðgerðaáætlun sem gildir fyrir skólaárið.

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Breiðholtsskóla tekur til allra þátta skólastarfsins. Allir starfsmenn skólans eiga sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar, jöfn tækifæri til stöðuhækkana, stöðubreytinga, yfirvinnu og breytinga á vinnuaðstæðum. Launajafnrétti er fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Fjölbreytileiki skólasamfélags Breiðholtsskóla kallar eftir fjölbættum eiginleikum og hæfni ábyrgra starfsmanna, og stundum jafnvel einstaklinga með sérþekkingu og ákveðna reynslu sem hæfir og hentar sérstaklega einstökum brýnum verkefnum sem ráða þarf í. Hér ríkir þá jafnræði milli jafn hæfra umsækjenda og þess gætt að gera ekki upp á milli umsækjenda vegna uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáníngar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Stjórnendum og starfsfólki Breiðholtsskóla ber að virða fjölmenningsstefnu og jafnréttisáætlun Reykjavíkurborgar og ber stjórnendum að stuðla að markvissri aðlögun erlendra starfsmanna á vinnustað og huga að íslenskunámi ef þurfa þykir.

Samskipti á vinnustaðnum grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi. Allir starfsmenn eiga rétt á að koma skoðunum sínum um framfæri og virðing er borin fyrir ólíkum skoðunum. Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar er kynnt fyrir starfsfólki á hverju ári.

Kennarar og annað starfsfólk eru fyrirmyndir barnanna í skólanum. Því er mikilvægt að þeir fullorðnu sýni nemendum kurteisi og virðingu því þannig er hægt að búast við því að þeir sem yngri eru sýni okkur virðingu og tillitssemi. Nemendur eiga að fá að upplifa jákvæð ævintýri á hverjum degi og þeir eiga rétt á því að fá tækifæri til að leyfa draumum sínum að rætast. Forsenda þess er gróskumikið starf metnaðarfullra, faglegra og samheldinna starfsmanna skólans í öflugri teymisvinnu. Því er vel búið að kennurum og öðru starfsfólki á jafnréttisgrundvelli hvað varðar vinnuaðstöðu, dreifingu ábyrgðar og aðkomu að og hlutdeild í skipulagningu skólastarfsins og öðrum þeim atriðum sem auka á jafnrétti innan stofnunar og virðingu mannréttinda.

Í samræmi við 21. gr. jafnréttislaga sem fjallar um *samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs* leitast stjórnendur Breiðholtsskóla við að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum sem starfa við skólann kleift að samræma starfsskyldur sínar í skólanum og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Þannig er veittur sveigjanleiki í skipulagningu á vinnu og vinnutíma og þannig bæði tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa skólans, þar með talið að starfsmönnum er auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

Í samræmi við 22. gr.laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gerir Breiðholtsskóli sérstakar ráðstafanir til að leitast við að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir

kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum. Starfsfólk skólans þarf að þekkja einkenni kynbundins ofbeldis, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal nemenda skólans. Nemendum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geti leitað innan skólans komi slíkt upp.

Skólinn setur sér framkvæmdaáætlun hvert skólaár þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar sé einnig árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

Framkvæmdaáætlun - starfsmenn
skólaárið 2018-2019

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Konur og karlar fá sömu laun og njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf	Árleg greining á launum starfsmanna. Fá jafnlaunavottun.	Skólastjórnendur Skrifstofustjóri	júní, ágúst og desember
Laus störf við skólann standa opin bæði konum sem körlum. Að laða að fjölbreytt starfsfólk	Þess sé gætt að starfsauglýsingar séu í anda jafnréttislaga.	Skólastjórnendur	þegar við á.
Að starfsfólk hafi jafna möguleika til að þroskast í starfi og auka þekkingu sína	Símenntunaráætlun skólans gerir ráð fyrir að allir hafi jafna möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar. Árlega þarf að skoða endurmenntun og styrki til starfsfólks vegna endurmenntunar. Starfsfólk fær reglulega fræðslu um jafnréttis- og mannréttindamál. Rætt er hvað má betur fara og umbætur gerðar á því.	Skólastjórnendur	símenntunar-áætlun í ágúst og síðan yfir skólaárið
Konum og körlum sem starfa við skólann er gert kleift að samræma starfsskyldur sínar í skólanum og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.	Sveigjanleiki er í skipulagningu á vinnu og vinnutíma til að taka tillit til bæði fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa skólans. Starfsmönnum er auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða úr leyfi frá vinnu vegna óviðráðan-legra og brýnna fjölskyldu-aðstæðna.	Skólastjórnendur	allt skólaárið
Kynbundin áreitni, kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni, Kynferðisleg ofbeldi, einelti – ekkert af þessu er liðið í Breiðholtsskóla. Vísað er til 2. gr. jafnréttislaga um skilgreiningu á ofangreindri áreitni og ofbeldi.	Fræðsla fyrir starfsfólk og regluleg endurskoðun áætlana þar sem skýrt er tekið fram að slík hegðun er ekki liðin og á henni verði tekið komi hún upp. Viðhorfskönnun starfsmanna varðandi þetta er lögð fyrir annað hvert ár. Sérstök vinna fer þá í gang meðal strafsmanna ef ástæða þykir til. Allir starfsmenn skólans fá fræðslu til að þekkja einkenni á kynbundnu ofbeldi, kynbundnu áreitni og kynferðislegar áreitni og hvernig beri að bregðast við grun eða vitneskju um slíkt meðal nemenda skólans.	Starfsmenn og skólastjórnendur Stjórnendur	ágúst / sept. og þegar þurfa þykir ágúst / sept. og þegar þurfa þykir
Skólastarf í Breiðholtsskóla er m.a. grund-vallað á gildum jafnréttis og	Símat á endurskoðun stefnu og greining á þörf fyrir úrbætur getur komið í kjölfar kynningar	Skólastjóri	september

mannréttindum fyrir alla. Jafnréttis - og mannréttindastefna Breiðholtsskóla þarf að vera í stöðugri þróun.	og umræðna á starfsmannafundi um jafnrétti í skóla-starfi, áhersluatriði og æskilegar aðgerðir.		
Berum virðingu fyrir hvert öðru. Öllum starfsmönnum skólans ber að vanda orðræðu sína gagnvart nemendum, foreldrum nemenda og fjölskyldum óháð þjóðerni, öðrum uppruna eða trúarbragða.	Brýnt að fara yfri stefnu borgarinnar í mannréttindamálum strax við upphaf skólaárs. Hver og einn skoðar í eigin barm til að kanna skoðanir sínar og viðhorf í þessu máli. „Var ég alltaf til fyrirmyndar í framkomu á síðust önn“?	Skólastjóri Allir kennarar og aðrir starfsmenn.	september Hvenær sem er á önninni.

Framkvæmdaáætlun - nemendur

skólaárið 2018-2021

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tíma-rammi
Að öllum nemendum líði vel í skólanum.	<p>Umsjónarkennari fylgist með líðan nemenda dag frá degi, bregst við eftir þörfum og veitir foreldrum upplýsingar. Umsjónarkennari leitar eftir aðstoð aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra þegar á þarf að halda.</p> <p>Fyrir foreldra /nemendaviðtöl á samtalsdegi fá nemendur spurningalista um líðan í skólanum og niðurstöður ræddar sérstaklega á samtalsdegi auk þess sem skólastjóri birtir heildarniðursöður í skýrsluformi sem er birt foreldrahópnum til upplýsingar.</p> <p>Tengslakannanir eru gerðar að minnsta kosti einu sinn á ári meðal nemenda í öllum árgöngum. Kynnt foreldrum.</p> <p>Skólapúlsinn er regluega lagður fyrir úrtak nemenda. Svörin eru greind út frá kyni, aldri og fleiri þáttum. Kynnt foreldrum.</p> <p>Trúnaðar bekkjarfundir með umsjónarkennara.</p>	<p>Umsjónarkennar i og stuðningsfulltrúar og annað starfsfólk skólans</p> <p>Deildarstjóri viðk. stigs</p> <p>Skólastjóri</p> <p>Deildarstjóri</p> <p>Umsjónarkennari</p>	<p>Alltaf</p> <p>Samtalsdagur í október og í febrúar.</p> <p>okt. og feb.</p> <p>þrisvar á ári</p> <p>Vikulega</p>
Einelti og hvers kyns ofbeldi og áreitni er ekki liðið.	<p>Unnið er samkvæmt aðgerðaráætlun Breiðholtsskóla gegn einelti. Vinabekkir árganga. Vinabema í nóvember. Skólavinir. Í öllum árgöngum er unnið að því að byggja upp sjálfstraust nemenda og bæta samskipti þeirra og</p>	<p>Umsjónark.</p> <p>Allt starfsfólk skólans</p>	<p>Alltaf</p>

Vísað er til 2. gr. jafnréttis laga um skilgreiningu á ofangreindri áreitni og ofbeldi.	félagslega færne. Skólinn fræðir nemendur um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni. Nemendur fá fræðslu um sinn rétt og hvert þeir geti leitað innan og utan skólans ef svona mál koma upp.	Hjúkrunarfræðingur og umsjónark.	ágúst / sept. og þegar þurfa þykir
Að allir nemendur nái góðum árangri.	Nemendur fá þann stuðning sem þeir þurfa til að ná að skilja og vinna með grunnatriði í náminu. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa og skimana eru rýndar og greindar m.t.t. bakgrunns, kyns og uppruna nemenda og breytingar gerðar á kennsluháttum sé þess talin þörf. Einnig rýnt í kennsluefni og samsetningu náms- hópa.	Kennarar stuðningsfulltrúi þroskaþjálfari skólastjórnendur	Alltaf Þegar niðurstöður samræmdra prófa og kannana liggja fyrir.
Að gæta jafnréttis í starfi og að borin sé virðing fyrir ólíkum skoðunum nemenda. Allir nemendur eiga að geta komið skoðunum sínum á framfæri.	Dagleg samskipti við nemendur. Allir nemendur fá tækifæri í almennum samskiptum og á bekkjarfundum til að tjá sig og koma skoðunum sínum á framfæri. Nemendur kjósa sér fulltrúa í nemendaráð, umhverfisráð og skólaráð og eru þar virkir þátttakendur. Áhersla á framsögn og margvíslegar kynningar af hálfu nemenda fyrir framan bekkjarfélaga sína.	Kennarar Umsjónark. Skólastjóri og verkefnastjóri umhverfisráðs/ skólaráðs.	Daglega Vikulega Mánaðarlega Þegar aðstæður leyfa í kennslustundum
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að kennsluhættir séu fjölbreyttir og að námsframboð og viðfangsefni höfði til allra nemenda.	Kennarar beita fjölbreyttum kennsluháttum í teymisvinnu og reyna að nálgast mismunandi leiðir til að miðla námsefninu og kenna nemendum þannig að nám fari fram. Boðið er upp á val verkefna þannig að hver nemandi geti fundið eitthvað við sitt hæfi og áhugasvið. Sérstaklega skal huga að verkefnum í íþróttum, list- og verkgreinum að þau höfði til mismunandi nemenda.	Kennarar Íþrótt-, list- og verkgreinarkennarar.	Allt skólaárið
Að nemendur vinni með fjölbreyttum hópum nemenda og kynnist sem flestum skólafélögum.	Hópaskipting nemenda er fjölbreytileg sem og sætaskipan og fari eftir verkefni hverju sinni. Tekið er mið af mismunandi þörfum, færne og eiginleikum einstakra nemenda við röðun í hópa. Þess er gætt að enginn verði utan hóps. Nemendur eiga námsfélaga. Samskipta- og samvinnuverkefni nýtt til að efla kynni nemenda af bekkjarfélögum, að þeir uppgötvi nýja færne og styrkleika hjá bæði sjálfum sér og öðrum.	Kennarar Umsjónarkennari.	Í upphafi hverrar annar og síðan eftir þörfum.

<p>Að vinna markvisst gegn hvers kyns staðalmyndum; kynja, kynhneigðar, kynvitundar, menningar, þjóðernis, tungumála, trúarbragða, lífsskoðana, fötlunar, aldurs, stéttar og búsetu.</p>	<p>Allt námsefni sé skoðað og metið út frá jafnréttis- og mannréttindasjónarmiðum. Þess er gætt að kennslu- og námsgögn mismuni ekki og ýti ekki undir fordóma eða staðalmyndir á grundvelli; kynja, kynhneigðar, kynvitundar, menningar, þjóðernis, tungumála, trúarbragða, lífsskoðana, fötlunar, aldurs, stéttar og búsetu.</p> <p>Ítarefni af netmiðlum sem og kynningar sé einnið skimað varðandi þessi atriði.</p> <p>Rætt er um staðalmyndir í tengslum við náms- og starfsfræðslu og önnur svið þegar nám- og störf eru til umræðu.</p> <p>Val á námsviðfangsefnum miði að því að kynna menningarheima nemenda. Umfjöllun um þau lönd sem nemendur koma frá eftir því sem því verður viðkomið.</p>	<p>Kennarar</p>	<p>Í ágúst og janúar og hvenær annars sem nýtt efni er valið til kennslu.</p> <p>Í tengslum við viðfangsefni hverju sinni</p>
<p>Að nemendur fái jafnréttis- og mannréttindafræðslu.</p>	<p>Áherslur komi fram í námsáætlunum námssviða en sérstök áhersla er á jafnréttis- og mannréttindamál í samfélagsgreinum. Rætt skal um jafnrétti út frá aldri, stétt, búsetu, kyni, kynhneigð, kynvitund, fötlun, uppruna, þjóðerni, húðlit og trúarbrögðum. Unnið með valda þætti Barnasáttmála Sameinuðþjóðanna.</p> <p>Hér þarf að sýna sérstakt tillit varðandi aðstæður og uppruna nemenda sem eru ættaðir frá framandi löndum.</p>	<p>Kennarar</p>	<p>Sett í námsáætlanir í ágúst. Fræðslan fer fram yfir skólaárið.</p>
<p>Markmið</p>	<p>Aðgerð</p>	<p>Ábyrgð</p>	<p>Tíma-rammi</p>
<p>Að nemendur fái fræðslu um kyn, kynhneigð og kynvitund. Að nemendur fái fræðslu um hvað kynferðis -legt áeiti/ ofbeldi er og hvert þeir geta leitað með þau mál bæði innan og utan skólans.</p>	<p>Ímyndir kynja og hefðir ræddar:</p> <ul style="list-style-type: none"> -kvenleiki og karlmennska -kynhneigð og kynvitund -kynbundið andlegt og líkamlegt ofbeldi -kynferðislegt áreiti -kynferðisofbeldi gegn börnum. <p>Fræðsla og umræða um samskipti kynjanna, nán sambönd, kynlíf, virðingu og klám. Unnið í samræmi við þroska nemenda.</p> <p>Leikrit, myndbönd, frásagnir, lestrarefni.</p>	<p>Kennarar</p> <p>Umsjónar-kennari og hjúkrunar-fræðingur.</p>	<p>Ýmis verkefni í hverjum árgangi.</p>
<p>Að taka tillit til mismunandi menningar, þjóðernis, tungumála, trúarbragða og lífsskoðana nemenda.</p>	<p>Markviss trúarbragðafræðsla þar sem fjölmennustu trúarbrögð heims eru kynnt.</p> <p>Markviss móttaka barna og foreldra af erlendum uppruna.</p> <p>Reynt eftir bestu getu að koma til móts við ólíkar matarþarfir vegna trúarbragða.</p> <p>Hér þarf að sýna sérstakt tillit varðandi aðstæður og uppruna nemenda sem eru ættaðir frá framandi</p>	<p>Kennarar</p> <p>Skólastjóri</p> <p>Yfirmaður mötuneytis</p> <p>Allir</p>	<p>Eftir þörfum</p>

	löndum.		
Að gera ráð fyrir mannlegum margbreytileika	<p>Reglulega er farið yfir húsnæði Breiðholtsskóla og þess gætt að aðgengi sé gott fyrir fatlaða og aðra sem hafa mismunandi þarfir varðandi auðvelt aðgengi.</p> <p>Skólastofur séu með aðbúnað við hæfi varðandi t.d. sjóndappra eða heyrnardaufa nemendur.</p> <p>Nemendur og kennarar fái fræðslu um mismunandi fatlanir eftir þörfum hverju sinni.</p> <p>Hjólástóll á að vera til staðar fyrir hreyfihamlaða gesti.</p>	<p>Umsjónar- maður fasteigna</p> <p>Skólastjóri</p> <p>Kennarar</p> <p>Starfsfólk</p>	Eftir þörfum
Að stoðþjónusta skólans mæti þörfum fjölbreytts nemenda hóps.	<p>Stoðþjónusta skólans er metin í sjálfsmati skólans.</p> <p>Við upphaf hvernar annar er stoðþjónusta skólans skipulögð og endurbætt eftir þörfum.</p>	Deildarstjóri sérkennslu	<p>Samkv. Sjálfsmats-áætlun.</p> <p>ágúst og jan. og annars eftir þörfum.</p>